

SJÁLFBÆRNISTEFNA

Verkís byggir upp samfélög með sjálfbærni að leiðarljósi. Hlutverk félagsins er að skapa verðmæti og styðja við sjálfbæra þróun samfélagsins og innviða þess með faglegri ráðgjöf og hönnun.

Verkís leggur sig fram um að samþætta umhverfisstjórnun, samfélagsábyrgð og góða stjórnarhætti í alla þætti starfsemi sinnar. Félagið stuðlar að sjálfbærri þróun, ábyrgri þjónustu og traustu sambandi við viðskiptavinum, samstarfsaðila og samfélagið í heild.

Verkís leggur áherslu á eftirfarandi sjálfbærniþætti í rekstri félagsins og ráðgjöf til sinna viðskiptavina:

Umhverfi

- Lágmarkun umhverfisáhrifa í rekstri með því að draga úr orkunotkun, úrgangi og kolefnisspori.
- Hafa yfirsýn yfir kolefnisspor fyrirtækisins, lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda með markvissum aðgerðum og kolefnisjafna þá losun sem út af stendur með vottuðum kolefniseiningum.
- Setja sjálfbærni í forgang við úrlausn verkefna og ráðgjöf, m.a. með vistvænu efnisvali, ábyrgri auðlinda- og orkunýtingu, lausnum sem draga úr kolefnisspori mannvirkja og tryggja líffræðilegan fjölbreytileika.
- Leita nýrra tækifæra til að innleiða græna tækni, styðja við þróun sjálfbærra orkuinnviða og efla hringrásarhugsun í hönnun, framkvæmd, notkun og lok líftíma mannvirkja.

Vinnustaður

- Jafnrétti, fjölbreytileika og jafnan aðgang að tækifærum fyrir allt starfsfólk. Styðja við jafnvægi milli vinnu og einkalífs, m.a. með sveigjanleika í vinnufyrirkomulagi.
- Heilsu, vellíðan og öryggi starfsfólks með hvatningu og stuðningi til heilsusamlegra lífshátta.
- Fagþekkingu, reynslu og stöðuga þróun á sviði sjálfbærni.

Samfélög

- Vinna með viðskiptavinum að lausnum sem hafa jákvæð samfélagsleg og umhverfisleg áhrif.
- Skapa virði fyrir atvinnulíf og samfélög með því að deila þekkingu og stuðla að nýsköpun.
- Styðja verkefni sem byggja upp betri og sjálfbærari samfélög.
- Virða menningu og umhverfi þeirra samfélaga sem við störfum í.


Ábyrgir starfshættir

- Styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend lög og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
- Fylgja siðareglum fyrirtækisins í allri starfsemi þess.
- Tryggja gagnsæi og heiðarleika í samskiptum við viðskiptavinum, samstarfsaðila og starfsfólk.
- Velja birgja, verktaka og samstarfsaðila sem deila skuldbindingu og áherslum okkar til sjálfbærnimála.
- Setja mælanleg markmið til að tryggja stöðugar umbætur.

Verkís tekur saman árangur af sjálfbærnistarfi í árlegri sjálfbærniskýrslu félagsins og birtir á heimasíðu sinni.

Samþykkt af framkvæmdastjóra 17. september 2025

F.h. Verkís



Egill Viðarsson, framkvæmdastjóri